

Nd.

274. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Frá mentamálanefnd.

Með lögum þessum er sú kvöð lögð á sóknarprestana, að þeir skuli kauplaust vera prófdómarar við hin lögskipuðu barnapróf í prestaköllum þeirra. Með þessu ákvæði eru þeir settir skör lægra en aðrir prófdómarar við þessi próf, sem allir hafa lögákveðna borgun.

Þetta telur meiri hlutinn ósanngjarnt, og það því fremur, sem prestarnir, auk þess að vinna kauplaust að þessu starfi, verða alstaðar að terðast um lengri eða skemmri veg til prófanna, sem sumstaðar eru haldin á 3-4 stöðum í prestakalli, án þess að fá nokkurn ferðakostnað. Getur þessi

kostnaður í sumum prestaköllum, einkum þar sem er yfir sjó að fara, numið fleiri tugum króna í útlögðum peningum.

Meiri hlutinn vill ráða bót á þessari ósanngirni, með því að ákveða prestunum ferðakostnað, svo að þeir, ofan á kauplausu vinnu við prófin í marga daga um mesta annatíma þeirra (fermingarundirbúninginn), ekki þurfi endurgjaldslaust að greiða fje úr sínum vasa í þarfir hins opinbera.

Minni hluti nefndarinnar, formaður, vill helst fella löginn úr gildi, og er því mótfallinn öllum breytingum á þeim.

Meiri hlutinn leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með svo látandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Síðari málsgrein 3. greinar orðist svo:

Fyrir störf samkvæmt þessari grein ber sóknarprestum engin sjerstok borgun. Þó fá þeir endurgoldinn úr rikissjóði, eftir reikningi, ferðakostnað við barnapróf.

Alþingi, 26. mars 1923.

Sigurður Stefánsson,
frsm.

Gunnar Sigurðsson,
fundaskr.

Magnús Pjetursson. Einar Þorgilsson.

Þorsteinn Jónsson,
form.,
með fyrirv. samkv. framanskráðu.